



Fjárhagsleg staða heimilanna fer batnandi

Hagstæð þróun hreinna fjáreigna

Hreinar fjáreignir heimila námu 132% af vergri landsframleiðslu í lok ársins 2014 og hafa aukist stöðugt frá árinu 2008 eftir að þær höfðu lækkað nokkuð. Þetta kemur fram í endurskoðuðum fjármálareikningum fyrir Ísland sem Hagstofa Íslands gefur nú út. Gögn fjármálareikninganna ná til stofnstærða fjáreigna og fjárskuldbindinga og eru flokkuð eftir fjármálagerningum samkvæmt alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðlum.

Fjáreignir heimila námu 4.562 ma.kr. í árslok 2014 og fjárskuldbindingar heimila voru 1.962 ma.kr. á sama tíma. Hreinar fjáreignir heimilanna í landinu námu því 2.638 ma.kr. í árslok 2014, eða rúmlega 130% af VLF eins og áður segir.

Töluverð aukning eigna á föstu verðlagi

Á verðlagi ársins 2015 námu hreinar fjáreignir heimilanna í landinu tæpum 2.700 ma.kr. í árslok 2014. Þær höfðu þá hækkað um rúma 800 ma.kr. frá árinu 2008 eftir að hafa lækkað nokkuð milli ára. Hækkunin frá 2008 nemur 43%. Á árunum 2013 og 2014 hækkuðu hreinar fjáreignir heimilanna bæði vegna þess að eignir jukust og skuldir minnkuðu.

Lífeyrisréttindin vega mjög þungt


Sé litið á fjárhagslega eignahlið heimilanna í árslok 2014 sést að langstærstur hluti þeirra, eða 76%, eru lífeyrisréttindi, eða váttryggingareignir sé tungutak Hagstofunnar notað. Sjóður og innistæður nema svo um 14% fjáreigna.

Heildarfjáreignir jukust um 8% á milli árána 2013 og 2014, en af einstökum liðum jókst virði hlutabréfa í eigu heimila mest, eða um 24,7% og nam tæpum 64 ma. kr. í árslok 2014.


Heimilin eiga meira en fjáreignir

Áþreifanlegustu og sýnilegustu eignir hvers heimilis eru fasteign og ökutæki. Þær eignir eru ekki taldar til fjáreigna. Séu fasteignir og ökutæki heimilanna

Fjáreignir heimilanna




Fjáreignir og -skuldbindingar heimilanna á föstu verðlagi



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Fjáreignir heimilanna, árslok 2014



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



skoðaðar í samanburði við fjáreignir kemur í ljós að fasteignin er álíka stór og lífeyrisréttindin og ökutækjaeignin að jafnaði minni en eign í verðbréfum og hlutabréfum.

Bæði fasteignir og lífeyriseign minnkuðu töluvert í hruninu, fasteignirnar mun meira. Báðir eignaflokkar hafa stækkað verulega frá árinu 2010 og á það sérstaklega við um lífeyrisréttindi heimilanna.

Fasteignin var stærsta eign heimilanna allt fram til ársins 2010 en síðan þá hefur lífeyriseignin verið stærsta eign íslenskra heimila.


Glögg má sjá hvernig eign heimilanna í verðbréfum, hlutafé og eigin fé félagar jókst í aðdraganda hrunsins og dróst svo verulega saman. Minnkunin á milli ársloka 2007 og 2008 nam u.þ.b. helmingi.

Þessi mynd kemur ekki á óvart


Það er alls ekki hægt að segja að þessi mynd komi mikið á óvart. Tveir langstærstu eignapóstar heimilanna eru lífeyriseign og fasteignir. Fasteignin er áþreifanleg eign sem allir sjá en eignir í lífeyrissjóðum eru minna áþreifanlegar og taka minna pláss í umræðunni. Á skuldahlið heimilanna vega skuldir vegna öflunar fasteigna mjög þungt.

Meginuppistaðan í sparnaði landsmanna tengist öflun fasteigna og lífeyrisréttar. Hvort tveggja er eins konar þvingaður sparnaður. Annars konar sparnaður, t.d. í verðbréfum hefur ekki aukist samhliða aukningu sparnaðar vegna lífeyrisréttar og fasteigna á síðustu árum. Þó má benda á að sjóður og innistæður námu um 14% af fjárhagslegum eignum heimilanna í árslok 2014.


Valdir eignapóstar heimila á föstu verðlagi ársins 2015



Þróun nokkurra eignapósta heimilanna á föstu verðlagi



Valdir eignapóstar heimilanna í árslok 2014



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.